

1. mál Tillaga Ólafs F. Magnússonar um sameiningu og fækkun fagráða Reykjavíkurborgar

Tillaga Ólafs F. Magnússonar um takmörkun á ferðakostnaði og öðrum kostnaði tengdum störfum borgarfulltrúa

Ólafur F. Magnússon: Forseti, góðir borgarfulltrúar. Eins og fram kemur í útsendri dagskrá er ég að flytja hér tvær tillögur á þessum borgarstjórnarfundum og það er óhjákvæmilegt að ræða þær að nokkru leyti í samhengi við hvor aðra, því báðar snúast þær að verulegu leyti, af minni hálfu, um uppgjör á óvandaðri meðferð almannaþjóf, fyrirgreiðslupólítík, spillingu, ferðasukki og hvers konar misnotkun almannaþjóf hér í Borgarstjórn Reykjavíkur, meðal annars viðtöku framlaga upp á milljónir króna af hálfu sumra borgarfulltrúa sem leynd hvílir yfir.

Við höfum verið að undirbúa okkur í umræðu um fjárhagsáætlun og þar hafa menn verið að tala um niðurskurðartillögur, en niðurskurðartillögur meirihlutans hafa yfirleitt ekki verið frjórri en svo að þær snúast helst um það að sauma að velferðarkerfi borgarinnar og verið með örlítinn niðurskurð, sem yfirleitt beinist ekki að skrauthúfum og kjörnum fulltrúum sjálfum, hvað þá toppunum í þeim hópi, heldur að þeim sem lakast standa í borginni og þurfa mesta á þjónustu velferðar-, mennta- og heilbrigðiskerfisins að halda.

En ég ætla ekki að víkja mörgum fleirum orðum að því í bili, heldur vinda mér beint í tillögurnar og lesa þær upp.

Forseti: Er það vilji flutningsmanns að ræða þessar tvær tillögur saman?

Ólafur F. Magnússon: Rétt getið forseti og ég vona að það verði heimilað.

Forseti: Það átti að óska eftir því við forseta en forseti getur vel orðið við því að það verði gert. En það er náttúrulega sjálfsagt og eðlilegt að tilkynna forseta það áður. Borgarfulltrúinn sjálfur ákveður það ekki.

Ólafur F. Magnússon: Þakka þér fyrir forseti. Ég skal ekki taka mér frekara sjálfðæmi í þeim málum og hlýða forseta, enda hefur hann reynst mér vel við forsetastörf að undanfögnu og ekki hlíft bakhjörllum sínum í floknum um það að reyna að hefta framgang þess sem hér talar sem mest á fundum borgarstjórnar.

En fyrri tillagan sem ég ætla að flytja er svohljóðandi, með leyfi forseta:

Borgarstjórn Reykjavíkur samþykkir að menntaráð og leikskólaráð sameinist á ný og verði að einu ráði í stað tveggja. Ennfremur samþykkir borgarstjórn að mannréttindaráð og velferðarráð verði sameinuð í eitt ráð. Jafnframt verði þau svið sem heyra undir þessi ráð sameinuð.

Síðari tillagan sem ég flyt hér á þessum fundi er svohljóðandi, með leyfi forseta:

Borgarstjórn Reykjavíkur samþykkir að ekki verði heimilt fyrir kjörna fulltrúa að fara í fleiri en eina ferð utanlands árlega á kostnað borgarbúa. Ennfremur samþykkir borgarstjórn að kjörnir fulltrúar greiði kostnað vegna boðsferða sem þeir þiggja úr eigin vasa.

Eins og heyra má, þá fjalla þessar tillögur að umtalsverðu leyti um sparnað í stjórnkerfinu og yfirbyggingu borgarinnar, auk tillagna sem beinast gegn fyrirgreiðslupólitík ásamt ferða- og dagpeningasukki og viljaskorti til að taka á hjá sjálfum sér, af hálfu ýmissa kjörinna fulltrúa.

Þetta á að sjálfsgöðu einkum við borgarfulltrúa meirihlutans þar sem milljarða fyrirgreiðslupólitík ásamt viðtöku leynilegra framlaga fyrir milljónir króna, þ.e.a.s. ef menn muna svo lágar upphæðir. Hvað er ein milljón á milli vina í Sjálfstæðisflokknum? En þessir aðilar sem haga sér svona eru siðferðilega og lagalega vanhæfir til að gegna skyldum sínum í Borgarstjórn Reykjavíkur. Og ég lít það mjög alvarlegum augum sem nú hefur verið upplýst í fjölmiðlum, að einn borgarfulltrúi meirihlutans, Gísli Marteinn Baldursson, segist ekki muna hvort að hann hafi fengið gefins milljón frá einhverjum bakhjöllum Sjálfstæðisflokksins, man ekki hvort að það var Baugur eða Landsbankinn. En það fer þó enn meira fyrir brjóstið á mér ef rétt reynist, að Hanna Birna Kristjánsdóttir núverandi borgarstjóri hafi þegið fjárframlög frá Landsbankanum. Áður var hún í meirihluta með mér innan F og D-lista, þar sem að hún hafði undirritað málefнасamning um verndun 19. aldar götummynd Laugavegarins, gekk hart fram fyrir því að risaloftsteini í nafni Listaháskóla yrði kastað inn í gömlu byggðina á Laugaveginum. Hún gekk þvert gegn málefнасamningnum um að við ætluðum að standa vörð um 19. aldar götummynd og menningarlega sögu Laugavegarins. Og ég skora á borgarstjóra að svara því hér á eftir hvort að hún hafi tekið við framlögum frá Landsbankanum eða Baugi, en sérstaklega Landsbankanum í ljósi þess sem að ég var að nefna. Því að ef að hún hefur gert það, þá er það grafalvarlegt mál sem

gerir hana að mínu mati vanhæfa til að sitja í borgarstjórn eða að vera borgarstjóri yfirhöfuð.

Og ég mun einnig á þessum fundi gera kröfu um það, að sá sem hér talar var í kjölfar alvarlegra veikinda, þar sem hann var þunglyndur og óvinnufær um tíma, krafinn um vottorð um að hann væri hæfur til að sitja sem borgarfulltrúi. Ég mun gera kröfu um það, að borgarfulltrúar sem taka við leynilegum framlögum og hafa ýmist ekki dómgreind eða minni til að geta munað það, leggi fram vottorð um að þeir séu hæfir, hvort það sé vegna minnisleysis eða annarra vanhæfni til að sitja í Borgarstjórn Reykjavíkur. Sá sem ekki man eftir milljón er ekki hæfur til að sitja í borgarstjórn. Þannig að ég mun krefjast þess og leggja fram tillögu um það, að borgarfulltrúinn sem ég nefndi hér áðan, og hafa ýmist verið með leynileg framlög eða gleymt því eða verið ósamkvæmur sjálfum sér, leggi fram vottorð um hæfi sitt í Borgarstjórn Reykjavíkur, enda ...

Forseti: Forseti óskar eftir því að mjög fljótlega geri borgarfulltrúinn grein fyrir þeim tillögum sem hann kynnir hér.

Ólafur F. Magnússon: ... Hann er búinn að því.

Forseti: ... Um sameiningu og fækkun fagraða og takmörkun á ferðakostnaði. Ég óska eftir því að borgarfulltrúinn geri grein fyrir þessum tillögum mjög fljótlega.

Ólafur F. Magnússon: Já en forseti, ef þú heldur áfram að trufla mál mitt, þá mun ég leggja til að við snúum báðir baki í salinn, þannig að hnífasettin sjáist í bakinu á okkur báðum, sem eru komin frá þínum nánustu aðstandendum hér í borgarstjórnarsalnum.

En ég endurtek, að það voru einmitt borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins sem á fundi borgarráðs í byrjun desember 2007, þegar ég kom aftur til starfa, fyrir því hef ég vissu, þann fund sátu fyrir hönd Sjálfstæðisflokksins: Hanna Birna Kristjánsdóttir, Gísli Marteinn Baldursson og Júlíus Vífill Ingvarsson „sem láku“ því læknisvottorði sem ég var krafinn um í fjölmiðla innan klukkustundar frá því að það var lagt fram. Þeir töldu sig greinilega hafa fengið högg á þann sem hér talar, þetta var ekkert högg. Ég er stoltur af því að hafa komið til baka eftir alvarlega veikindi til borgarstjórnar og sinnt störfum mínum á mun betri hátt en

margir borgarfulltrúar hér, sem hafa margir tekist á við ýmis veikindi þó þau séu viðurkennd innan þess fordómasamfélags sem þeir eru hluti af. En þeir sem halda það hér inni og telja sig hæfa að vera kjörna fulltrúa Reykvíkinga, að þeir sem hafa verið haldnir svokölluðum andlegum veikindum eða geðsjúkdómum um sína ævi séu lakari til starfa í Borgarstjórn Reykjavíkur en aðrir, þeir ættu frekar að flytja til Iran og vera í menningunni þar, en ekki meðal okkar sem teljum okkur upplýsta vestræna þjóð.

En ég endurtek, að ég vona að Borgarstjórn Reykjavíkur beri gæfu til þess að sameina þessa þýðingarmiklu tillögur mínar um hagræðingu og stórfelldan sparnað í yfirbyggingu borgarkerfisins. Sameina svið, fækka nefndarmönnum og skrauthúfum stórlega innan kerfisins og þetta mun spara mikið en ekki gera þjónustuna lakari af hálfu þessara sviða. Menntaráð og leikskólaráð höfðu áður verið sameinuð. Það vita það allir hér inni að ástæðan fyrir því að þau voru sundruð aftur var, að það þurfti fleiri skrauthúfur í nefndarformennskusæti hjá Sjálfstæðisflokknum eða eins og Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir sagði þegar menn ætluðu að heykjast á þessu, það var búið að lofa mér þessu. Og að þessum orðum hennar hef ég vitni. Það var búið að lofa mér því að ég yrði nefndarformaður í leikskólaráði.

Það er líka mjög þýðingarmikið að geta sameinað mannréttindaráð og velferðarráð, þetta eru nánast sömu mál sem verið er að fjalla um og ég legg sérstaka áherslu á það að velferðarmálin, ekki síst málefni fatlaðra og ýmissa þeirra sem standa höllum fæti, eru mér mun kærari heldur en framganga kynjafræðináms í Háskóla Íslands eða að við séum fyrir tugi milljóna króna á hverju ári að verja fjármunum eða senda fólk á vegum borgarinnar í slíkt nám. Ég held að við höfum annað og þarfara við peningana að gera en að belgja út mannréttindasvið á slíkum forsendum. Það vantar nóg í velferðarkerfið hér og það vantar nóga hjálp hjá þeim sem lakast standa í þessu samfélagi. En mér hefur oft þótt það gjarnan brenna við hjá þeim sem tala mikið um kynjajafnrétti og femínisma, að þeim sé meira annt um skrauthúfur innan síns eigin kyns, heldur en þeir karlmenn og þær konur sem lakast standa. Mér þykir jafn vænt um þetta fólk allt saman hvort sem það kallast karlar eða konur. Og í mínum huga snýst jafnrétti um það, að fólk búi við sömu grunnréttindi og njóti hæfileika sinna án tillits til

kynferðis og sé ekki mismunað vegna kynferðis. En enga veit ég skeleggari í þeim efnum en að mismuna körlum í þágu kvenna, en einmitt svokallaða feminista. Ég er ekki feministi, ég er jafnréttissinni.

Ég vona að ég valdi engum miklum vonbrigðum hér með því að segja það, að ég tel að mannréttindum borgarinnar sé jafnvel borgið innan velferðarráðs, þar sem ríkasta áherslan er að hugsa um velferð, mannréttindi og viðunandi kjör borgarbúa. Því að það eru líka mannréttindi að hafa efni á að klæða sig og sína. Og það vill oft gleymast hér í Borgarstjórn Reykjavíkur þar sem forgangurinn liggur fremur í því að herða framkvæmdir nánast við Tónlistar- og ráðstefnuhús hér út af höfninni, við getum horft á þessa montbyggingu hér á hverjum degi þegar að við erum á leið hingað, á sama tíma og verið er að skera smánarlega niður við þá sem lakast standa og ýmsa þætti velferðarkerfisins hér í borginni.

Og á sama hátt horfum við upp á það að fjöldi borgarfulltrúa linnir ekki látum í dýrum utanlandsferðum á kostnað annarra. Ég hef aldrei skilið þetta ferðaæði og dagpeningaæði stjórnmalamanna bæði á þingi og í borg. Sjálfur er ég sérmenntaður læknir og ég veit að færustu hjartasérfræðingar þessarar þjóðar sem þurfa að endurmennta sig, þeir fara á kostnað annarra einu sinni á ári til útlanda að mennta sig, einu sinni á ári, þeir fá ekki allt fargjaldið borgað. Og ef farið er í fleiri ferðir þá þurfa þeir að taka umtalsverðan þátt í kostnaðinum sjálfir. Ég veit að það er nauðsynlegt fyrir fagmenn innan heilbrigðisþjónustunnar og ýmissa annarra þátta þessa þjóðfélags að endurmennta sig heldur en borgarfulltrúa að fara saman í skemmtiferðir, heilu nefndirnar langa vegu yfir höf og lönd. Og athygli vekur að margir þeir sem minnst hafa komið nálægt kjarnanum hér í Borgarstjórn Reykjavíkur eða beitt sér mjög í þýðingarmestu málum borgarinnar hafa verið hvað duglegastir að nýta sér þessa ferðapeninga.

Og ég minni enn og aftur á það, að það framtak sem borgin var verðlaunuð fyrir, það er að segja öryggis- og hreinsunarátakið hér í borginni sumarið 2008 sem ég stóð fyrir. Sá sem tók við verðlaunum fyrir hönd borgarinnar og var líklega greitt fyrir það líka, heitir Gestur Guðjónsson, sem er nýhættur sem varaformaður umhverfis- og samgönguráðs og hefur verið duglegur að ferðast fyrir borgina, eins og fleiri framsóknarmenn. Og það hefur verið sýnt fram á að Framsóknarflokkurinn hér í borgarstjórn, hann hefur vægast sagt verið dýrari á

fóðrum heldur en F-listinn hér í borgarstjórn, sem hefur miklu meira atkvæðavægi á bakvið sig. En það er bara einfaldlega þannig, að við erum hvorki með í klíkunni sem ráðstafar þessum styrkjum öllum né sækjumst eftir því að misnota þetta fé í þágu fárra á kostnað borgarbúa.

Mér kæmi verulega á óvart ef að þessar tillögur mínar yrðu samþykktar. Þó að Samfylking og VG séu, eins og við þekkjum sem höfum verið lengi starfandi, mun síður spilltir stjórnámálaflokkar heldur en þeir sem nú eru við völd í borginni, þá vantar dálítið mikið upp á að þeir séu heilsteyptir í atkvæðagreiðslum og tillöguflutningi og ég bendi eins og áður á, að hvorugir þessara aðila vildu skera niður flotræfilsháttinn hér úti á höfninni í stað þess að ráðast á velferðarkerfi borgarinnar. Þannig er oft annað á borði en í orði hjá þessum aðilum. Og í ferðasukkinu til dæmis og þeim vilja borgarfulltrúa til að skera ekkert niður hjá sjálfum sér er það áberandi að allur fjórflokkurinn stendur mjög þétt saman.

Ég hef einn barist gegn þessu sukki um langt skeið og vona að á þessum hörðu tímum verið hlustað á þessar tillögur, ég endurtek – það kemur mjög á óvart ef tillögur mínar sem snúast um hundruð milljóna sparnað fyrir borgarbúa, en fela í sér hagræðingu, fækkun á skrauthúfum og óþarfa eyðslu, flotræfilshræsni á kostnað annarra, það kemur mér verulega á óvart ef samþykktarkerfi fjórflokksins myndi una þessum tillögum.

En forseti, ég óska eftir að verði tekin á dagskrá auk þeirra tillagna sem hér hafa verið kynntar svohljóðandi tillaga, og fari fram atkvæðagreiðsla um það:

Borgarstjórn Reykjavíkur samþykkir að þeir borgarfulltrúar sem ekki hafa á þessu kjörtímabili lagt fram læknisvottorð um að þeir séu hæfir til starfa á vegum borgarinnar geri það þannig, að kjörnum fulltrúum sé ekki mismunað á þessu sviði.

Og ég mun leggja fram greinargerð síðar á fundinum, ef þetta fæst tekið upp. En málið beinist, eins og ég sagði upphaflega, að mjög óeðlilegum vinnubrögðum og óeðlilegum ummælum borgarfulltrúanna Gísla Marteins Baldurssonar og Hönnu Birnu Kristjánsdóttur, þar sem ég sé ekki annað en að það sé ekki allt með felldu í því hvernig þau taka við fjármunum og haga störfum sínum í Borgarstjórn Reykjavíkur.

Forseti: Borgarfulltrúi Ólafur F. Magnússon hefur lokið máli sínu. Og borgarfulltrúi Gísli Marteinn Baldursson hefur óskað eftir að veita andsvar.

1. mál Tillaga Ólafs F. Magnússonar um sameiningu og fækkun fagráða Reykjavíkurborgar

Tillaga Ólafs F. Magnússonar um takmörkun á ferðakostnaði og öðrum kostnaði tengdum störfum borgarfulltrúa

Gísli Marteinn Baldursson: Virðulegi forseti, ágæta borgarstjórn. Ég ætla ekki að elta ólar við allt það sem að borgarfulltrúinn sagði, en það verður þó að leiðrétta þær rangfærslur hjá honum, að ég hafi einhvers staðar sagt að ég myndi ekki hverjir hefðu sett pening í framboð mitt. Eins og allir vita held ég, sem vilja hafa rétt við, þá hef ég sagt að ég fékk fjármálaráð til að safna styrkjum í prófkjörið og viljandi hef ég ekki vitað hver setti pening í það, vegna þess að það taldi ég fyrst og fremst koma í veg fyrir hagsmunaaðrekstur, þannig að ég vildi hafa þann háttinn á. Ég veit að fleiri borgarfulltrúar hér inni höfðu þann háttinn á. Ekki að þetta mál sé á dagskrá og raunar einkennilegt að borgarfulltrúinn vilji ekki ræða sínar tillögur heldur frekar fara út í svona umræðu.

Forseti: Borgarfulltrúi Gísli Marteinn Baldursson hefur lokið við að veita andsvar. Þá svarar andsvari Ólafur F. Magnússon.

1. mál Tillaga Ólafs F. Magnússonar um sameiningu og fækkun fagráða Reykjavíkurborgar

Tillaga Ólafs F. Magnússonar um takmörkun á ferðakostnaði og öðrum kostnaði tengdum störfum borgarfulltrúa

Ólafur F. Magnússon: Forseti, góðir borgarfulltrúar. Ætlast borgarfulltrúi Gísli Marteinn Baldursson til þess að einn einasti maður hér inni trúi því, að hann viti ekki hverjir eru að gefa honum milljónir króna í prófkjörsbaráttu hans. Auðvitað veistu þetta borgarfulltrúi góður. Þetta er náttúrulega bara kjaftæði að þú eða Hanna Birna eða einhverjir aðrir borgarfulltrúar í Sjálfstæðisflokknum viti ekki hverjir eru að gefa ykkur peninga, þið vitið það mæta vel. Og það sést líka á störfum ykkar hér í þágu borgarbúa. En ég segi aftur og enn og aftur, mér hefur alltaf þótt bera mjög á því að þessi framlög sem þið eruð að þiggja skili sér aftur í störfunum hér, í þágu þeirra sem að framlögin borga, en á kostnað borgarbúa.

Forseti: Borgarfulltrúi Ólafur F. Magnússon hefur lokið við að svara andsvari. Ég vil minna á að borgarfulltrúar eiga að ávarpa borgarfulltrúa með nafni og embættismenn með viðeigandi embættisheiti, eins og borgarstjóra. Ég bara ítreka það að menn muni þetta og gleymi þessu ekki og helst reyna að læra þetta utanbókar. Hæstvirtur borgarstjóri tekur til máls.

1. mál Tillaga Ólafs F. Magnússonar um sameiningu og fækkun fagráða Reykjavíkurborgar

Tillaga Ólafs F. Magnússonar um takmörkun á ferðakostnaði og öðrum kostnaði tengdum störfum borgarfulltrúa

Borgarstjóri Hanna Birna Kristjánsdóttir: Forseti, borgarfulltrúar. Það eru hér tvær tillögur til umræðu og afgreiðslu hér á fundinum. Það er tillaga um sameiningu og fækkun fagráða Reykjavíkurborgar, þar sem lagt er til að ákveðnar breytingar verði gerðar á nefndarfyrirkomulagi og fyrirkomulagi fagráða hjá Reykjavíkurborg.

Það er auðvitað alveg ljóst, eins og við öll þekkjum, að þessa dagana er mikið álag á þessum sviðum báðum og þessum fagráðum. Og ég hef áður sagt það úr þessum ræðustóli og held að við séum flest sammála um það, að slíkar breytingar verða ekki gerðar, allavega ekki við þessar aðstæður sem nú eru, hvað þá nokkrum mánuðum fyrir kosningar. Þegar um er að ræða eins víðtækar stjórnkerfisbreytingar og hér er talað um, með því að taka ákveðin ráð og sameina þau og breyta fyrirkomulagi sem að komin er góð reynsla á, fyrirkomulagi sem að gengur vel, að þá þarf það að gerast í góðri pólitískri sátt. Og það þarf að gerast þannig, að það sé ekki hætt á því að slíkar breytingar geti síðan aftur tekið á sig enn aðrar breytingar nokkrum mánuðum síðar. Þannig að ég held að það sé alveg ljóst þrátt fyrir að það megi sannarlega ræða báðar þessar tillögur, fara yfir þær og ég fagna því að borgarfulltrúinn skuli hafa áhuga á rekstri borgarinnar og vera með leiðir til að ná hagræðingu í þeim rekstri, að þá met ég það þannig og tel að það sé skynsamlegt að beita sér ekki fyrir eða ganga frá slíkum víðtækum breytingum á stjórnkerfi Reykjavíkurborgar við þær aðstæður sem nú eru uppi, og ekki heldur svo stuttu fyrir sveitarstjórnarkosningar. Þannig að ég myndi leggja til forseti, að þessari tillögu sem að er fyrra málið á dagskrá hér og var merkt númer eitt, að þeirri tillögu verði vísað til stjórnkerfisnefndar, sem að auðvitað hefur það verkefni að skoða breytingar á stjórnkerfinu og meta hvort að ástæða sé til að huga að einhverri hagræðingu þar og sérstaklega og ekki síst að huga að því að við gætum náð betur utan um þau verkefni sem að rædd eru í þessum tillögum.

Síðan er það tillaga Ólafs F. Magnússonar um ferðakostnað og öðrum kostnaði tengdum störfum borgarfulltrúa. Borgarfulltrúanum er tíðrætt um þessar ferðir

borgarfulltrúa og ég veit ekki alveg í hvaða ferðir borgarfulltrúinn hefur farið eða hvernig hann hefur verið í slíkum ferðum, en hann nálgast þessar ferðir iðulega sem ferðir, hann orðaði það nú svo smekklega hér áðan, að hann talaði um skemmtiferðir borgarfulltrúa ef ég man rétt. Ég kannast ekki við slíkar ferðir og ég efast um að nokkur borgarfulltrúi sem hér er, sem hafa flestir og allir sinnt sínum störfum mjög vel, líti á þessar ferðir sem sérstakar skemmtiferðir. Í mjög mörgum tilfellum eru borgarfulltrúar að sinna sínum störfum, koma fram fyrir hönd Reykjavíkurborgar með ákveðin verkefni eða að sækja sér þekkingu sem síðan er nýtt í störfum Reykjavíkurborgar.

En það er svo sem ekkert nýtt að borgarfulltrúinn sé á þeim stað að telja að það sé einhver skemmtistarfsemi og það má vel vera að hann greini sín störf þannig, en ég get ekki tekið undir það. Og tel ekki að hér hafi verið, eins og borgarfulltrúinn orðaði það líka svo smekklega, á ferðinni víðtækt bruðl og eyðsla á almannafé. Aftur segi ég, að ég veit ekki nákvæmlega hvernig ferðirnar sem að borgarfulltrúinn hefur farið í hafa verið, en ég hef ekki ferðast með honum, og kannast ekki við þessa skilgreiningu.

Það er líka rétt að geta þess, vegna þess að borgarfulltrúinn talar mjög kröftuglega um sjálftöku og svo framvegis. Á þessu kjörtímabili og núna á síðasta ári hafa laun borgarfulltrúa allra sem hér sitja lækkað. Þau hafa lækkað um 10%, auk þess sem að laun þeirrar sem hér stendur hafa lækkað um 17%. Ég veit ekki til þess að þáverandi borgarstjóri Ólafur F. Magnússon hafi lagt til slíkar breytingar á eigin launakjörum, en það hefði kannski verið nærtækt fyrir hann sem að virðist einhvern veginn nálgast hlutina með öðrum hætti heldur en við sem hér sitjum.

En vegna þess að borgarfulltrúinn nefnir ferðakostnað, þá er ástæða til þess að geta þess að mjög mikils aðhalds er gætt og hefur verið gætt í ferðakostnaði borgarinnar. Og til dæmis er það þannig, af því að borgarfulltrúanum er tíðrætt um samanburð, að heildarferðakostnaður í hans tíð sem borgarstjóra var mun meiri heldur en sem er í gangi núna, miklu, miklu hærri tölur. Og á síðasta ári var heildarkostnaður vegna ferðalaga 104 milljónir, en í janúar til október á þessu ári eru þær 27 milljónir. Þannig að ég veit ekki alveg hvað borgarfulltrúinn er að tala um þegar hann talar um óráðsú og bruðl í ferðakostnaði, þegar ferðakostnaðurinn hefur lækkað um þetta, vel yfir helming, úr 100 milljónum niður í 27 milljónir. Og

Það er nú allt brúðlið sem er í gangi á vettvangi Reykjavíkurborgar eða hjá starfsmönnum Reykjavíkurborgar þegar að kemur að þessum málum. Einnig hefur ferðakostnaður kjörinna fulltrúa lækkað helling með sama hætti og hér hefur verið kynnt, þannig að ég held að allt þetta sem að borgarfulltrúinn er að tala um sé löngu komið í framkvæmd og fyrir löngu verkefni sem að borgarfulltrúar hér hafa séð ástæðu til þess að sameinast um og vinna í þeim anda á vettvangi aðgerðarhóps. Þannig að þetta er allt í gangi. Og ég undrast aðeins, að það virðist algjörlega hafa farið framhjá borgarfulltrúanum, það virðist algjörlega hafa farið framhjá honum, að allt þetta hefur lækkað verulega og um tugi prósentu – ferðakostnaður Reykjavíkurborgar.

Og launin hafa líkað lækkað, sem að virðist líka hafa farið framhjá borgarfulltrúanum. Og síðan áréttu ég það og ítreka það hversu mikils misskilnings gætir í því að tala um þessa hluti með þeim hætti sem borgarfulltrúinn gerir. Þegar að hann talar um það að borgarfulltrúar sem að fara erlendis vegna sinna starfa til þess að miðla þekkingu Reykjavíkurborgar, til þess að afla þekkingar eða taka þátt í reglubundnu gagnlegu samstarfi Reykjavíkurborgar við aðrar borgir, þegar að það er brúðl. Og kannski hefur það eins og borgarstjórn ræddi um á sínum tíma, sú atkvæðagreiðsla fór 14:1, sem er ekki alveg óþekkt í þessum sölum, að það var samþykkt í borgarstjórn fyrir nokkru síðan að einbeita sér að ákveðnum verkefnum í alþjóðasamskiptum, umhverfismál, ferðamál og önnur mál sem tengjast til dæmis því efnahagsástandi sem að við glímum nú við. Að vinna með það og það er fullt af hlutum sem að tengjast þessum verkefnum sem að við getum haft mikilvægt innlegg í og þar sem að Reykjavíkurborg skiptir máli. Þannig að við höfum verið að vinna í anda þess og eftir þeim megin markmiðum Reykjavíkurborgar. Og ég ítreka það sem að ég sagði hér áðan, að ferðakostnaður hefur um tugi prósentu lækkað á þessu ári. Lækkað svo mikið að ég efast um að við komumst mikið neðar í ferðakostnaði án þess að það fari að hafa áhrif á verkefni borgarinnar og þær skyldur sem Reykjavíkurborg hefur eðlilega í samskiptum við aðrar borgir. Á þessu hefur verið tekið mjög þétt og örugglega hér, eins og ég hefði talið að borgarfulltrúinn vissi.

Verklagi varðandi ferðir erlendis hefur verið breytt, þannig að stjórnendur Reykjavíkurborgar þurfa að samþykkja hverja ferð og hún kemur síðan til

afgreiðslu á skrifstofu borgarstjóra. Þannig að slíkt vinnulag – því hefur verið gjörbreytt og nú er staðan sú, eins og ég sagði áðan, að það hefur um tugi prósent lækkað þessi kostnaður og hefur aldrei verið lægri hjá Reykjavíkurborg heldur en einmitt núna.

Þannig að ég veit ekki alveg hvað borgarfulltrúinn er að tala um, hann verður að skýra það fyrir okkur þegar að hann segir, að þarna geti menn fundið tugi milljarða. Hann jafnvel talar um það að það sé verið að spara þannig í velferðarkerfinu, að ef að þessir 15 aðilar sem hér sitja og ég tala nú ekki um einhverjir æðstu embættismenn borgarinnar, ef þeir láta af þessum nokkrum ferðum sem þeir fara á ári, þá sé bara hægt að bjarga því. En ég áréttá það og ítreka það og upplýsi borgarfulltrúann um það, sem því miður virðist ekki hafa kynnt sér það sem hefur verið í gangi eða það sem hefur verið að gerast á vettvangi borgarstjórnar á liðnum mánuðum, að þessi kostnaður og það var kynnt inni í borgarráði, þannig að borgarfulltrúinn hefði átt að vera upplýstur um það, hefur lækkað um tugi prósent og aldrei verið lægri. Þannig að það er ekkert nýtt í þessum málflutningi hjá borgarfulltrúanum.

En hann ræðir einnig um annan kostnað tengdum störfum borgarfulltrúa og vill huga að því, þannig að tillagan fer sjálfkrafa inn í forsætisnefnd og ég legg til að henni verði vísað þangað, þar sem að menn geta þá rætt þessa þætti og borgarfulltrúinn getur þá fengið betri og gleggri mynd af hlutunum og aflað sér upplýsinga og kannski þá lagt fram raunhæfar tillögur um það hvernig hann hyggst spara í þessum 27. milljónum sem nú er eytt til utanfara hjá Reykjavíkurborg á þessu ári. Hann getur kannski bent okkur á það og líka hvernig þær 27. milljónir geta bjargað velferðarkerfinu eins og hann áréttáði svo kröftuglega hér áðan. Þannig að ég legg til forseti að fyrri tillögunni verði vísað í stjórnkerfisnefndina til meðferðar og seinni tillögunni verði vísað til forsætisnefndar.

Forseti: Hæstvirtur borgarstjóri hefur lokið máli sínu. Þá hefur borgarfulltrúi Ólafur F. Magnússon óskað eftir að veita andsvar.

1. mál Tillaga Ólafs F. Magnússonar um sameiningu og fækkun fagráða Reykjavíkurborgar

Tillaga Ólafs F. Magnússonar um takmörkun á ferðakostnaði og öðrum kostnaði tengdum störfum borgarfulltrúa

Ólafur F. Magnússon: Forseti, góðir borgarfulltrúar. Í stuttri ræðu borgarstjóra voru margar rangfærslur. Og þó að milljón milli vina sé ekki mikill peningur innan Sjálfstæðisflokksins, þá er náttúrulega ólíðandi fyrir mig að sitja hér undir öðru eins blaði, eins og að ég hafi haldið því fram að með því að skera niður ferðakostnað borgarinnar væri hægt að spara tugmilljarða í þágu velferðarkerfisins. Þetta er eitthvað sem er skáldað í höfði borgarstjóra og kom ekki frá mér. Ég var að tala um að með tillögum mínum í heild gætu numið hundruðum milljónum króna ef þær ná allar fram að ganga og þá sérstaklega varðandi sviðin og hagræðingu í yfirbyggingu borgarinnar. Það er hægt að ná gríðarlegum árangri þar með sameiningu og það sem helst hefur verið tregða í varðandi hagræðingu í borgarkerfinu er að fækka kjörnum fulltrúum og skera niður hjá sjálfum sér.

Það er mjög ósmekklega að mér vegið þegar borgarstjóri er að reyna að halda því fram, að mér hafi ekki tekist að skera nóg niður í ferðakostnaði borgarfulltrúa, hún var nú aðallega að tala um embættismennina hérna. Ég held að það hafi nú fyrst og fremst verið skorið niður hjá starfsfólki borgarinnar en ekki hinum kjörna fulltrúa í hvers kyns neyslu á kostnað annarra. En ég reyndi það sem ég gat, en ég réði ekkert við Sjálfstæðisflokkinn þegar að ég var með þeim í meirihluta.

Þegar við vorum að ræða hér fyrri fjárhagsáætlun, þá sátum við Vilhjálmur hér með sveittan skallann fram á nótt að berja í gegn þessum tillögum og vanda okkur. Margir sjálfstæðismenn voru á ferð og flugi og voru ekkert að hugsa um það sem við vorum að gera, enda undirrituðu allir borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins nema Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson og Kjartan Magnússon málefnsamninginn án þess að meina eitt einast orð sem að þeir sögðu. En borgarstjóri kemst ekkert upp með það að vera að snúa út úr fyrir mér með þeim hætti, að ég hafi staðið mig illa við það að reyna að halda utan um fjármálin hér í borginni. Ég var vakinn og sofinn í því að reyna að stöðva brudlið, reyna að stöðva sukkið og það var illa tekið á móti tillögum mínum við fjárhagsáætlun,

Bstj. 17. nóvember 2009

Þegar ég var borgarstjóri, hér í borgarstjórn um að fara vel með fjármuni almennings og að borgarfulltrúa. Fleiri en sá sem hér stendur litu til sjálfra sín í því sambandi.

Forseti: Borgarfulltrúi Ólafur F. Magnússon hefur lokið við að veita andsvar. Þá tekur til máls hæstvirtur borgarstjóri.

1. mál Tillaga Ólafs F. Magnússonar um sameiningu og fækkun fagráða Reykjavíkurborgar

Tillaga Ólafs F. Magnússonar um takmörkun á ferðakostnaði og öðrum kostnaði tengdum störfum borgarfulltrúa

Borgarstjóri Hanna Birna Kristjánsdóttir: Forseti, borgarfulltrúar. Ég sagði aldrei að borgarfulltrúinn hefði farið illa með fé. Ég tel ekki að hann hafi farið illa með fé. En það er hann sem gengur hér um og ásakar aðra um að gera það. Þannig að ég var ekki að tala um það. Ég sagði hins vegar að það kæmi mér á óvart, og það kemur mér á óvart, að borgarfulltrúinn sem ákveður hér að flytja tillögu um lækkun ferðakostnaðar skuli ekki átta sig á því, að sá kostnaður hefur lækkað verulega, um tugi prósentu eins og ég benti hér á áðan. Og þess vegna spyr ég aftur borgarfulltrúann þegar hann talar og fer mikinn í því að það sé mikilvægt að lækka þennan kostnað, hvaða kostnað er borgarfulltrúinn að tala um? Það eru ekki farnar hér nema nauðsynlegustu ferðir, þannig að ég aftur spyr borgarfulltrúann þegar hann er að tala um, og hann talar um þetta eins og stórkostlegt vandamál, hann talar um þetta sem bruðl borgarfulltrúa, að það beri að stöðva þessa neyslu þeirra með almannfé, eins og hann orðaði það. Ef að menn segja A þá verða þeir að segja B, ég var að benda borgarfulltrúanum á það, að þessi kostnaður hefur lækkað um tugi prósentur. Og ég bara skil ekki hvar borgarfulltrúinn ætlar að taka þessa fjármuni sem að hann telur að þarna séu, því að þeir eru ekki þarna.

Ef að borgarfulltrúinn hefði fylgst vel með umræðunni og kynningu minni í borgarráði núna mánuð eftir mánuð, þá væri hann upplýstur um það, að það fer enginn í ferð erlendis nema það sé samþykkt á skrifstofu borgarstjóra. Mörgum slíkum ferðum er neitað og við engum slíkum ferðum, nema alla alvega nauðsynlegar séu er sagt já. Og þess vegna er kostnaðurinn búinn að lækka um tugi prósentu. Þannig að enn spyr ég borgarfulltrúann, hvar eru þessir peningar sem hann er að tala um? Hver er að bruðla með almannafé? Það var kannski gert hér áður, ég þori ekki að fara með það, borgarfulltrúinn er jafnupplýstur um það og ég, hann hefur verið hér lengur á þessum vettvangi. En að reyna að halda því fram og horfa síðan yfir félagana sína hér í salnum og segja að þarna megi menn finna gífurlegt fé og þarna sé á ferðinni gífurlegt bruðl í opinberum rekstri og með opinbert fjármagn, menn verða þá að finna því stað. Og ég veit ekki hvað borgarfulltrúinn er að leggja til í því. Hann talar um það að það eigi að vera ein

ferð á ári á borgarfulltrúa, ein ferð á ári. Ég veit ekki hvort mönnum finnst það vera eðlilegt viðmið eða hvort að það á bara við um formenn ráða eða hvort það á við um minnihluta. En mér finnst bara eins og þetta sé einhver uppgötvun sem borgarfulltrúinn heldur að nái eyrum einhverra og hljómar einhvern veginn í samhengi hlutanna þannig að hann vill láta að sér kveða í því, en ég skil ekki alveg hvaða hag borgin hefur af því.

Forseti: Hæstvirtur borgarstjóri hefur lokið við að svara andsvari og þá veitir andsvar öðru sinni borgarfulltrúi Ólafur F. Magnússon.

1. mál Tillaga Ólafs F. Magnússonar um sameiningu og fækkun fagráða Reykjavíkurborgar

Tillaga Ólafs F. Magnússonar um takmörkun á ferðakostnaði og öðrum kostnaði tengdum störfum borgarfulltrúa

Ólafur F. Magnússon: Já, forseti, góðir borgarfulltrúar. Ég held að okkur Hönnu Birnu væri það, borgarfulltrúanum Ólafi F. Magnússyni og Hönnu Birnu Kristjánsdóttur borgarstjóra, hollast að fá það bara hreinlega upp á borðið, þeirra kostnað vegna ferða- og dagpeninga og annan ferðatengdan kostnað allt frá árinu 2002 sem við höfum setið hér í borgarstjórn. Það er allavega hægt að fá slíkan samanburð. Því að ég hef gengið fram með góðu fordæmi varðandi það að vera ekki að fara í margar ferðir utanlands sem kjörinn fulltrúi. Ég fór í eina ferð til Færeyja sem borgarstjóri, sá mér fært að gera það og taldi það sjálfsagt og réttmætt að borgarstjóri ferðist einhvern tíma á vegum borgarinnar til útlanda. En það liggur alveg fyrir og ég hef horft lengi upp á það, að það er samtryggingakerfi hér í gangi í borginni og búið að vera lengi. Fulltrúum F-listans hefur iðulega ekki verið boðið að fara með í þessar ferðir og í þessa frægu ferð umhverfisráðs til Seattle sem oft er rætt hér um, fjölmargir sem fóru það, okkar fulltrúa var einu sinni ekki boðið að fara með, svo að því sé haldið til haga. Enda höfum við, að Margréti Sverrisdóttur undanskilinni sem ekki er lengur starfandi með okkur heldur borgarfulltrúi Samfylkingarinnar í raun, ekki verið mjög dugleg að koma okkur á framfæri í þessu samtryggingarkerfi. En ég ítreka áskorun mína til borgarstjóra sem ég hef þegar lagt fram í borgarráði, að svari því þá hvaða ferðir hún sem borgarstjóri hefur farið á vegum borgarinnar og/eða á vegum annarra. Hvað hefur hún í skjóli síns embættis farið í margar ferðir frá því að hún tók við af þeim sem hér stendur sem borgarstjóri í ágúst mánuði 2008? Mér þætti gaman að vita það borgarstjóri. Og þá getum við þráttað síðan um alls konar tölur í betra næði.

En ég vil loks minna forseta á það, að það á eftir að taka til afgreiðslu ósk mína um viðbótartillögu sem ég vona að verði borin undir atkvæði um leið og ég hvet borgarfulltrúa Samfylkingar og Vinstri grænna að þegja ekki undir þessari umræðu.

Forseti: Borgarfulltrúi Ólafur F. Magnússon hefur lokið við að veita andsvar. Tillögu sem að forseti getur borið upp hér þarf hann að fá studdar og þar að auki að leita atkvæða fundarins fyrir að taka slíka nýja tillögu á dagskrá. Umræðu um þessar tvær tillögur, forseti ákvað að þessar tvær tillögur yrðu ræddar saman, þ.e.a.s. dagskrárliður 1 og 2. Umræðu er lokið. Það hafa ekki fleiri óskað eftir að taka til máls. Og þá verður gengið til atkvæða á þeim tillögum sem liggja fyrir, það er tillaga undir 1. lið, sem að gengur út á að fækka fagráðum á sviðum í borginni. Tillagan hljóðar þannig:

Borgarstjórn Reykjavíkur samþykkir að menntaráð og leikskólaráð sameinist á ný og verði að einu ráði í stað tveggja. Ennfremur samþykkir borgarstjórn að mannréttindaráð og velferðarráð verði sameinað í eitt ráð. Jafnframt verði þau svið sem heyra undir þessi ráð sameinuð.

Í útsendum gögnum stendur reyndar að greinargerð komi síðar, en greinargerð hefur ekki borist, þannig að það ber að líta á tillöguna sem sé án greinargerðar. Það hefur verið flutt tillaga hér um það að vísa þessari tillögu til stjórnkerfisnefndar og þeir sem að samþykkja að henni verði vísað til stjórnkerfisnefndar, vinsamlegast réttið upp hendi. Tillagan er samþykkt með 14 atkvæðum gegn einu.

Þá er það næsta tillaga sem að heyrir undir lið nr. 2 á útsendri dagskrá. Þar er borgarfulltrúi Ólafur F. Magnússon að flytja tillögu um takmörkun á ferðakostnaði og öðrum kostnaði vegna starfa- og boðsferða borgarfulltrúa. Tillagan hljóðar þannig:

Borgarstjórn samþykkir að ekki verði heimilt fyrir kjörna fulltrúa að fara í fleiri en eina ferð utanland árlega á kostnað borgarbúa, ennfremur samþykkir borgarstjórn að kjörnir fulltrúar beri kostnað vegna boðsferða sem þeir þiggja úr eigin vasa.

Það er sama með þessa tillögu að það er kynnt að greinargerð komi síðar, en hún hefur ekki komið, þannig að hér liggur tillagan fyrir sem slík. Og þeir sem að samþykkja að þessari tillögu verði vísað til forsætisnefndar vinsamlegast greiðið atkvæði. Tillagan er samþykkt með 14 atkvæðum gegn 1 að vísa tillögunni til forsætisnefndar. Er það rétt skilið af forseta að borgarfulltrúi hafi óskað eftir því að ein önnur tillaga verði tekin hér undir? Þá er rétt að borgarfulltrúinn Ólafur F. Magnússon komi hérna upp og leggi hana fram og geri grein fyrir þeirri tillögu og leggi hana fram með formlegum hætti.

1. mál Tillaga Ólafs F. Magnússonar um sameiningu og fækkun fagráða Reykjavíkurborgar

Tillaga Ólafs F. Magnússonar um takmörkun á ferðakostnaði og öðrum kostnaði tengdum störfum borgarfulltrúa

Ólafur F. Magnússon: Já forseti, góðir borgarfulltrúar. Að gefnu tilefni þá flyt ég svohljóðandi tillögu:

Borgarstjórn Reykjavíkur samþykkir að kjörnir aðalborgarfulltrúar í Reykjavík leggi fram læknisvottorð um að þeir séu hæfir til starfa sinna sem kjörnir fulltrúar í Borgarstjórn Reykjavíkur.

Forseti, það þarf ekki að senda neina greinargerð með þessu. Það eru nokkrar megin ástæður fyrir því að ég legg þessa tillögu fram m.a. það, að ég er sá eini í sögu borgarinnar sem mér vitanlega hefur verið krafinn um slíkt vottorð. Ég veit ekki hvort að það sé vegna minna andlegs- eða siðferðislegs hæfis en annarra borgarfulltrúa, ég kannast við hvorugt. Hvorki námsferill minn, störf mín í lífinu, né frammistaða hér í Borgarstjórn Reykjavíkur gefi tilefni til þess að ætla að ég sé eitthvað lakari til þeirra en aðrir hér inni. En ég vil bara umfram allt að mönnum sé ekki mismunað með þessum hætti.

Þið góðir félagar hér í Borgarstjórn Reykjavíkur, þið eigið að vera sett undir sama hatt og sá sem hér stendur. Þá kannski væruð þið ekki í sömu stöðu til að leggja þann sem hér stendur í einelti á fólsum forsendum. Því að fordómarnir í garð þess sem hér stendur hafa ekki bitnað bara á honum, heldur þeim hérlendis sem hafa tekist á við þunglyndi og allri minni fjölskyldu. Og það var skelfilega lítilmannlegt þegar ég var settur inn í embætti borgarstjóra hér 24. janúar 2008, að hér voru pöntuð ólæti á pöllunum af hálfu Samfylkingar og Vinstri grænna, þar sem meðal annars kórmeðlimur nokkur og núverandi umhverfisráðherra Svandís Svavarsdóttir, borgarfulltrúi þáverandi, stjórnaði vissum óhljóðum og látum hér á pöllunum eftir að hún hafði vikið úr pontu sjálf og fengið gott næði, þá lyfti hún höndum til merkis um það að nú skyldi hávaðinn byrja aftur.

Þetta kalla ég ódregileg vinnubrögð og ég hef aldrei kunnað raunverulega að meta þennan borgarfulltrúa síðan. En ákaflega glaður að við af henni hafi tekið sem oddviti Vinstri grænna drengskaparmaðurinn Þorleifur Gunnlaugsson, sem aldrei hefur vegið ósæmilega að þeim sem að hér stendur. Munið það, að þegar

vegið er að fólki vegna heilsufars, ég tek það fram að ég tel að mitt heilsufar sé með miklum ágætum í dag og ég er stoltur að hafa unnið mjög erfiðan sjúkdóm og lagt hann að velli, en þá er verið að veða að öllum þeim hérlandis sem hafa tekist á við slík veikindi og þau eru flokkuð öðruvísi líka hér af borgarfulltrúum, sem sumir hverjir hafa kallað þann sem hér stendur „andlegt rusl“. Ég hefði ráðlagt honum að leita læknis ef þeir hafa lent í rökræðum við hann inni á fundum. Þeir gætu þá komið til mín sjálfir í slíkum aðstæðum, ég tel mig mjög færan til að takast á við slíkt sem starfandi læknir, varðandi góða menntun, mikla starfsreynslu og persónulega reynslu, að hjálpa fólki í gegnum erfiðleika sem að ég gat sigrast á sjálfur. En margir þeir sem hafa misst ættingja úr þunglyndi, þeir fyrirlíta fólk eins og Spaugstofuhöfundinn Karl Ágúst Úlfsson og suma hér í þessu húsi sem uggðu ekki að sér í hatri og meðvirkni.

En ég ætla líka að leggja á það áherslu vegna þessarar tillögu minnar, að mönnum verður ekki mismunað lengur hér í borgarstjórn. Að einn borgarfulltrúi af 15 þurfi að leggja fram vottorð um að hann sé hæfur til starfa. Ég hef allavega sýnt það, að ég stenst þær kröfur um hæfni sem varðar sveitarstjórnarlög um að vera óháður hagsmunaaðilum, verktökum og auðmönnum um það að taka sjálfstæðar ákvarðanir. Ég held að sú staða sé mjög erfið siðferðilega og jafnvel fjárhagslega fyrir marga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins. Ég nefni nú varla Framsóknarflokkinn í því sambandi, það er milljarðasukk þar, það þekkjum við í gegnum árin. Eykt er borginni dýr, félagar góðir.

En ég bið ykkur bæði að taka þessa tillögu á dagskrá og samþykkja hana. Það er ekki eðlilegt að mér, standandi hér sem borgarfulltrúi, sé mismunað umfram ykkur. Mér einum sé falið að leggja fram vottorð um hæfi og það síðan haft í flimtingum, gert að fjölmiðlamáli og ég er ekki bara að tala til að hér skuli gætt jafnræðis, ég tala fyrir hönd allra þeirra sem hafa tekist á við alvarlegan sjúkdóm sem heitir þunglyndi. Sumir sem betur fer haft betur, en aðrir lenda neðanjarðar að lokum. En fyrir hönd allra þeirra af slíku fólki sé ekki mismunað eins og myrkustu miðalda múslímaríkjum dagsins í dag. Að mönnum sé mismunað vegna fordóma, mönnum sé mismunað vegna sjúkdóma, mönnum sé mismunað vegna þess sem að mönnum þykir ekki fínt. Og ég spyr aftur hverjum hefur verið refsað hér í borgarstjórn fyrir að leggjast inn á sjúkrahús vegna hjartaáfalls? Flest ykkar sem

hér eruð vitið ekki að það eru efnafræðilegar forsendur fyrir bæði hjartaáfalli og þunglyndi. Og mér finnst stundum furðulegt að horfa á fólk sem ekkert veit um heilbrigðisfræði og starfsemi mannlíkamans vera að æpa á þann sem hér stendur, að hann sé andlegt rusl og fátáðlingur.

Þess vegna bið ég ykkur um að samþykkja tillögu sem felur í sér jafnræði milli okkar allra. Það veitir hins vegar ekki af, vegna leynigreiðslna til okkar sumra, að það liggi ljóst fyrir að við séum ekki bara heilsufarslega hæf heldur líka siðferðilega hæf til að starfa sem kjörnir fulltrúar samkvæmt sveitarstjórnarlögum um að vera óháð öðrum og gæta hagsmuna umbjóðenda okkar við ákvarðanir.

Forseti: Borgarfulltrúi Ólafur F. Magnússon hefur lokið máli sínu og kynnt hér tillögu sem borgarfulltrúinn óskar eftir að verði tekin á dagskrá með afbrigðum sem að þá borgarstjórn og að auki meirihluti borgarfulltrúa þarf að samþykkja, en næst tekur til máls Sóley Tómasdóttir.

1. mál Tillaga Ólafs F. Magnússonar um sameiningu og fækkun fagráða Reykjavíkurborgar

Tillaga Ólafs F. Magnússonar um takmörkun á ferðakostnaði og öðrum kostnaði tengdum störfum borgarfulltrúa

Sóley Tómasdóttir: Forseti, góðir borgarfulltrúar. Ég ætla ekki að ræða efnislega um þessa tillögu, heldur að mælast til þess að við tökum ekki tillöguna á dagskrá. Mér finnst mjög mikilvægt að hér sé svigrúm til þess að taka tillögur á dagskrá með afbrigðum, enda koma upp mál með reglulegu millibili sem ekki er hægt að undirbúa sig fyrir í samfélaginu, þá er mikilvægt að borgarstjórn geti brugðist við því, en þetta ákvæði í samþykktum borgarinnar má ekki misnota. Og mér finnst þessi tillaga borgarfulltrúa Ólafs F. Magnússonar ekki vera þess eðlis að við þurfum að taka hana hér á dagskrá með afbrigðum. Ef borgarfulltrúinn hefur áhuga á að ræða það sérstaklega hvort að borgarfulltrúar eigi að skila inn hæfisvottorði eða læknisvottorðum, að þá tel ég fullt tilefni til þess að hann bara ígrundi þá tillögu sína vel og leggi hana fyrir á borgarstjórnarfundi næst eða þar næst eða hvenær sem að honum dettur í hug. Ella finnst mér við vera farin að misnota samþykktir borgarinnar og þau fundarsköp sem að við höfum samþykkt að fara eftir hér. Ég mun ekki greiða því atkvæði að þessi tillaga verði tekin á dagskrá.

Forseti: Borgarfulltrúi Sóley Tómasdóttir hefur lokið máli sínu og borgarfulltrúinn Ólafur F. Magnússon hefur veitt andsvar, þannig að það er ekki hægt á nýjan leik. En næst hefur beðið um orðið borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson.

1. mál Tillaga Ólafs F. Magnússonar um sameiningu og fækkun fagráða Reykjavíkurborgar

Tillaga Ólafs F. Magnússonar um takmörkun á ferðakostnaði og öðrum kostnaði tengdum störfum borgarfulltrúa

Dagur B. Eggertsson: Forseti, ágæta borgarstjórn. Ég hafði útaf fyrir sig ekki ætlað að blanda mér í þessar umræður vegna þessarar þriðju tillögu sem að borgarfulltrúi Ólafur F. Magnússon hefur lagt hér fram. Vil ég þó segja þetta, að ég skil mjög vel að hann hafi verið miður sín og býsna mikið niðrifyrir þegar að hans veikindi voru gerð að fjölmiðlamáli í kjölfar þess að það komst í háamæli, að hann hefði verið beðinn um að leggja fram læknisvottorð þegar hann hóf störf aftur í borgarstjórn. Það var farið yfir þetta mál býsna rækilega á þeim tíma og upplýst fyllilega að ég tel og Ólafur beðinn afsökunar á því að þetta hafi verið svona. Það var enginn stjórnmalamaður sem kom að því, hvorki að beita sér fyrir því eða óska eftir því að hann legði fram vottorð. Mistökin sem gerð voru fólust þvert á móti í því, að með hans mál var farið eftir sömu reglum og þegar um langtíma veikindi almennra starfsmanna og embættismanna í Ráðhúsinu eru annars vegar, að þá er það sem sagt reglan að þeir leggja fram vottorð þegar þeir koma aftur til starfa, sama af hvaða ástæðum veikindin eru.

Eftir því sem að ég komst næst á sínum tíma og nú tek ég fram að ég er að vísa í þetta eftir minni. Og þess vegna má eiginlega segja, að sú spurning sem að Ólafur F. Magnússon borgarfulltrúi er að bera hér upp, og má alveg ræða, er spurningin um það hvort að þetta verklag geti talist eðlilegt gagnvart fólki sem að fer í veikindi eða hvort að okkur finnst rétt að fólk í raun mæti bara til starfa þegar að það telur sig tilbúið til þess. Og ég held að þetta hafi nú mest tengst því frekar en einhverjum álitamálum þarna um, að bara í raun ýmis skilgreind réttindi eins og sjúkradagpeningar. Umgjörð þeirra er þannig að það er einfaldlega bara gert ráð fyrir því að læknir komi að, bæði þegar fólk fer í langtíma veikindafjarvistir og kemur til baka.

Það sem að var sérstakt í þessu máli og átti aldrei að vera, að um kjörna fulltrúa gildir nokkuð öðru máli. Þeir sækja umboð sitt beint til kjósenda og það eru hérna engin svona skilyrði varðandi rétt þeirra til veikinda, orlofs eða annars sem kalla á einhver vottorðaskrif eða eitt eða neitt slíkt. Það sem að var fyrst og fremst

leiðinlegt í þessu máli var, að þessi mistök skyldu komast í hámaeli og með því í raun veikindi sem eru afar persónuleg mál gerð að miklu umtalsefni. Og ég kýs bara að skilja það þannig, að það er í raun ákveðin ósk um að ræða þessi mál hérna almennt, sem að borgarfulltrúinn kýs að leggja fram þessa tillögu svona. Því að ég held að þegar við erum að ræða um fólk með þunglyndi eða aðra sjúkdóma, að þá sé þeim í raun enginn greiði gerður heldur með því að það fari að tíðkast hér, að borgarfulltrúar sanni heilbrigði sitt eða fari að leggja fram einhver vottorð. Ég lít á tillöguna sem nokkurs konar mótmæli við þessum atburði á sínum tíma, sem að ég tók býsna nærri mér og það gerðu auðvitað fleiri, m.a. þeir sem komu að þessari málsmeðferð, og það veit ég að Ólafur fékk að heyra á sínum tíma.

En ég ætla ekki að hafa langt mál um þetta. Ég vonast nú til þess að það sé hægt að finna einhverja málsmeðferð sem að allir geti verið sáttir við, þannig að við förum ekki að standa hér í stælum að taka ekki tillögur á dagskrá með afbrigðum bara til þess að fá þær aftur inn hér á næsta borgarstjórnarfund. Vegna þess að þetta eru alvarleg mál sem varða hvernig við komum fram við starfsfólkið okkar og eiga að fá bara faglega og góða umfjöllun, þannig að það sé hvergi verið að brjóta á rétti neins. En þetta tiltekna mál og þetta vottorð taldi ég úr sögunni með þeirri afsökunarbeiðni sem borin var fram á sínum tíma.

Forseti: Borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson hefur lokið máli sínu og þá tekur til máls hæstvirtur borgarstjóri.

1. mál Tillaga Ólafs F. Magnússonar um sameiningu og fækkun fagráða Reykjavíkurborgar

Tillaga Ólafs F. Magnússonar um takmörkun á ferðakostnaði og öðrum kostnaði tengdum störfum borgarfulltrúa

Borgarstjóri Hanna Birna Kristjánsdóttir: Forseti, borgarfulltrúar. Ég segi svona svipað og borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson, að ég veit ekki alveg á hvaða vegferð við erum ef að þetta er tillaga sem menn eru að leggja hér fram í alvöru, og ég veit heldur ekki alveg hvernig borgarfulltrúanum tekst alltaf að tengja þetta mál við einhverja sjálfstæðismenn sem sátu á þessum borgarráðsfundi.

Ég hafði nákvæmlega ekkert með þessa ákvörðun að gera, var ekki borgarstjóri á þeim tíma, var ekki í meirihluta á þeim tíma, þannig að mér finnst nú bara að borgarfulltrúinn verði að eiga þetta við þáverandi samstarfsfólk sitt eða hverja þá sem að unnu að þessu máli eða í kringum þetta mál. Þessir sem hann nefnir hér ítrekað höfðu nákvæmlega enga aðkomu að því máli, nákvæmlega enga eða einhverja eftirfylgni í því máli með neinum hætti. Þannig að ég veit ekki alveg til hvers borgarfulltrúinn er alltaf að telja upp eitthvert fólk sem sat borgarráðsfundi þegar þetta var rætt. Þetta hlýtur að hafa verið rætt í þáverandi meirihluta, þetta hlýtur að hafa einhvern veginn, eins og Dagur B. Eggertsson fyrrverandi borgarstjóri segir réttilega, þá eru þetta einhver mistök sem eiga sér stað og mér heyrir ekki betur en Dagur B. Eggertsson og aðrir hafi beðist velvirðingar á því, en ég veit ekki alveg afhverju er verið að blanda alltaf öllum borgarfulltrúum inn í þetta. Það kom nákvæmlega enginn að þessu nema þeir sem voru að vinna með þessu mál á þeim tíma.

Og ég segi alveg eins og Dagur B. Eggertsson og borgarfulltrúi Ólafur F. Magnússon, ég tel að þetta hafi verið óheppilegt og algjörlega óeðlilegt að þetta hafi verið gert með þessum hætti. Og ég skil alveg að borgarfulltrúanum hafi fallið það illa. Og ég tel að það hafi verið ómaklegt að nálgast hans veikindi og hann sjálfan með þessum hætti, ég er algjörlega sammála honum í því. En ég skil ekki af hverju alltaf er verið að toga okkur öll inn í málið. Það var enginn sem kom að þessu máli, borgarfulltrúi Ólafur F. Magnússon. Enginn nema þeir sem fóru með stjórn borgarinnar á þeim tíma og var sett í eitthvert ferli. En ég get tekið undir það með borgarfulltrúanum að ég tel að það hafi verið óheppilegt og

ósannjarnt gagnvart honum hvernig að málinu var stillt upp, og þykir miður einnig að það hafi farið í almenna umræðu. En það er eitthvað sem að ekkert okkar allavega sem að borgarfulltrúinn telur hér upp getur borið ábyrgð á. Og aðeins vegna þess sem að Sóley Tómasdóttir borgarfulltrúi nefnir, þá er ég sammála henni líka í prinsippinu, ég tel ekki ástæðu til þess að taka þessa tillögu hér á dagskrá og undrast það, að við séum raunverulega stödd á þeim stað í þessari sveitarstjórn sem að er Borgarstjórn Reykjavíkur, að við séum að ræða um tillögu, þar sem að það er lagt til, reynið bara að ímynda ykkur ef að þetta væri lagt fram á Alþingi, að samþykkja að kjörnir aðalborgarfulltrúar í Reykjavík leggi fram læknisvottorð um að þeir séu hæfir til starfa sinna á vettvangi borgarstjórnar. Það er ekki eitthvað sem ég held að sé fallið til að auka virðingu þessarar stofnunar og ég skil ekki að mönnum sé alvara að leggja slíka tillögu fram.

Og það má vel vera, eins og borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson segir, að það sé einhver svona mótmælaaðgerð, en Borgarstjórn Reykjavíkur getur ekki verið privat mótmælavettvangur fyrir borgarfulltrúa. Ég skil vel að borgarfulltrúanum hafi fallið þetta illa, en það er alveg ótækt að vera að taka þetta upp með þessum hætti hér og raunverulega að setja á dagskrá og að við eigum að ræða um það, að borgarfulltrúar, þetta snýst nú ekki um okkur einungis, þetta snýst um þá sem hér verða eftir nokkra mánuði og borgarfulltrúa framtíðarinnar, að við séum raunverulega að ræða það, að þeir eigi að skila læknisvottorðum. Það er heldur sorgleg staðreynd að þannig sé það. Þannig að ég legg til að við séum ekki að taka þetta mál á dagskrá.

Forseti: Hæstvirtur borgarstjóri hefur lokið máli sínu. Þá hefur borgarfulltrúi Þorleifur Gunnlaugsson óskað eftir að taka til máls.

1. mál Tillaga Ólafs F. Magnússonar um sameiningu og fækkun fagráða Reykjavíkurborgar

Tillaga Ólafs F. Magnússonar um takmörkun á ferðakostnaði og öðrum kostnaði tengdum störfum borgarfulltrúa

Þorleifur Gunnlaugsson: Forseti, borgarfulltrúar. Hér er nokkuð sérstakt mál til umræðu og ég vil segja það strax, að mér þykir það miður að það hafi gerst á minni vakt að það hafi verið sett í fjölmiðla að borgarfulltrúi hafi verið beðinn um læknisvottorð þegar hann kemur úr veikindum.

Mér finnst þessi umræða samt dálítið athygliverð. Auðvitað er það alveg rétt, eigum við að skila læknisvottorði um hvað. Á ég að skila læknisvottorði um það að ég sé með mjólkursykursóþol. Ég get ekki skilað læknisvottorði um það að ég sé alkahólisti, þó ég telji mig vera það, því að ég hef ekki verið greindur þannig. Hins vegar finnst mér það kannski umhugsunarvert þegar að borgarfulltrúar fara í langt leyfi, sem er meint veikindaleyfi, ég veit ekki hvernig það er farið með það, hvort að menn skila yfirhöfuð einhverju sem sýnir fram á það að þeir hafi verið veikir eða ekki. Mér finnst það í sjálfu sér vera kannski hluti af þeirri umræðu sem að á sér stað inni í forsætisnefnd núna. Þannig að ég skil meiningu borgarfulltrúans og ég vona að við getum lokið þessu máli. Við höfum beðið hann afsökunar á okkar þætti í því. En ég legg til að þessari tillögu verði vísað til forsætisnefndar.

Forseti: Borgarfulltrúi Þorleifur Gunnlaugsson hefur lokið máli sínu. Þá hefur óskað eftir að taka til máls borgarfulltrúi Ólafur F. Magnússon.

1. mál Tillaga Ólafs F. Magnússonar um sameiningu og fækkun fagráða Reykjavíkurborgar

Tillaga Ólafs F. Magnússonar um takmörkun á ferðakostnaði og öðrum kostnaði tengdum störfum borgarfulltrúa

Ólafur F. Magnússon: Forseti, góðir borgarfulltrúar. Ég vil þakka borgarfulltrúa Þorleifi Gunnlaugssyni fyrir þessa tillögu hans um málsmeðferð. Ég held þó að það sé allavega betra heldur en hér á opnum fundi borgarstjórnar, að við ræðum þessi mál inn á við, hvernig við ætlum að taka á þessum málum og sjá til þess að ríki jafnræði í leikreglum borgarinnar í framtíðinni, og að við gætum okkar sem við gerðum ekki á sínum tíma. En ég skora á borgarfulltrúa að ljúka þessari umræðu með því að vísa tillögnum til forsætisnefndar, þannig að við getum rætt þetta inn á við, taki sem sagt tillöguna á dagskrá og samþykki tillögu Þorleifs Gunnlaugssonar um að vísa þessu máli til forsætisnefndar. Ég mun þá ekki hafa fleiri orð um þetta í dag og hvíla þessa umræðu.

Forseti: Borgarfulltrúi Ólafur F. Magnússon hefur lokið máli sínu. Og fleiri hafa ekki kvatt sér hljóðs. Borgarfulltrúinn óskaði eftir því að borgarstjórnin samþykkti með afbrigðum, vegna þess að þessi tillaga var ekki kynnt í útsendri dagskrá, að eftirfarandi tillaga verði tekin til afgreiðslu hér í borgarstjórninni eins og forseti skýrði frá, þá þarf aukinn meirihluta eða 2/3 atkvæða borgarfulltrúa til þess að tillagan verði tekin á dagskrá. Þeir sem að samþykkja að taka þessa tillögu á dagskrá, er einhver sem óskar eftir því að forseti lesi tillöguna eins og hún liggur fyrir. Flutningsmaður hefur þegar óskað eftir því og fleiri borgarfulltrúar hafa bæst í hópinn, þannig að ég ætla að lesa hana, er hún komin hingað upp vélrituð? Þá verður forseti að reyna að lesa hér læknaskrift borgarfulltrúa Ólafs F. Magnússonar:

Borgarstjórn Reykjavíkur samþykkir að kjörnir aðalborgarfulltrúar í Reykjavík leggi fram læknisvottorð um að þeir séu hæfir til starfa sinna sem kjörnir fulltrúar í Borgarstjórn Reykjavíkur.

Þeir sem að samþykkja að þessi tillaga verði tekin á dagskrá gefi merki. Er einhver á móti? Fellt að taka tillöguna á dagskrá með 9 atkvæðum gegn 2 atkvæðum og 4 sitja hjá.